

## Verlagsreglur Hvalfjarðarsveitar fyrir gerð viðauka við fjárhagsáætlun

### 1. Tilgangur

Verlagsreglum þessum er ætlað að stuðla að samræmdum vinnubrögðum við gerð viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

### 2. Meginforsendur viðauka

- Fjárhagsáætlun hvers árs er bindandi ákvörðun sveitarstjórnar um fjárheimild ársins.
- Leita skal fyrir fram samþykkis sveitarstjórnar vegna útgjalda og fjárfestingar umfram gildandi fjárhagsáætlun. Sveitarstjóri, sviðs/deildarstjórar og forstöðumenn bera ábyrgð á að halda fjárhagsáætlun ársins innan fjárheimilda.
- Viðauka við fjárhagsáætlun skal ekki gera til að leiðréttu fjárhagsáætlun, útgjöld í rekstri eða fjárfestingar, sem þegar hefur verið stofnað til.
- Óheimilt er að samþykka ný útgjöld í rekstri eða til fjárfestingar, sem ekki er gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, nema samhliða sé samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.
- Alltaf skal leitast við að finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málauflokk sem ráðstöfunin snertir áður en óskað er eftir gerð viðauka.
- Forsenda samþykktar á viðauka er að fram komi hvernig hin nýju útgjöld verði fjármögnuð. Ef ákvörðun kallar á færslu milli liða þarf að liggja skýrt fyrir um hvaða liði fjárhagsáætlunar ræðir svo bóka megi í viðauka.

### 3. Ábyrgð

- Stjórnendur, forstöðumenn, sviðs/deildarstjórar og sveitarstjóri bera ábyrgð á að fjárhagslyklar stofnana og deilda sem undir þá heyra, fari ekki fram úr fjárheimildum.
- Stjórnendur, forstöðumenn, sviðs/deildarstjórar og sveitarstjóri bera ábyrgð á að tillögur að viðauka séu gerðar og lagðar fyrir sveitarstjórn.
- Sveitarstjórn hefur ein heimild til að samþykka viðauka. Ef myndast sú staða að sveitarstjórn er í sumarleyfi þegar upp kemur þörf á viðauka skal kalla sveitarstjórn saman til aukafundar til að samþykka viðauka við fjárhagsáætlun.



## 4. Framkvæmd

### 4.1 Hvenær er tilefni til gerð viðauka?

Þegar teknar eru hverskyns ákvarðanir um samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem ekki rúmast innan fjárhheimildar gildandi fjárhagsáætlunar, ber að gera viðauka. Með öðrum orðum ber að gera viðauka vegna útgjalda sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, gjöldum, fjárfestingu eða skuldbindingum í gildandi fjárhagsáætlun.

Heimilt er að gera viðauka vegna utanaðkomandi ákvarðana sem hafa bein áhrif á sveitarfélagið en það hefur enga stjórн á. Þetta á við um samningsbundnar ákvarðanir líkt og kjarasamninga, breytingar á lögum og reglugerðum og framlög jöfnunarsjóðs.

Dæmi um nauðsyn þess að gera viðauka er ákvörðun um breytingu á stöðugildum starfsfólks, aukinn launakostnað, aukna fjárfestingu eða tilfærslur á milli bókhaldsliða/deilda í fjárhagsáætlun. Viðauki þarf að innihalda útfærða ákvörðun um það hvernig breyttum fjárhheimildum, þ.e.a.s. þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir, verði mætt.

Með tillögu um viðauka þarf að fylgja minnisblað/gögn um tillöguna, samning eða fjárhagslega ráðstöfun sem um ræðir eða lagt er til að verði farið í, og hvaða áhrif hún hafi á samþykktu fjárhagsáætlun. Það er á ábyrgð viðkomandi sviðs/deildarstjóra, forstöðumanns, sem málið snertir.

Ávallt skal leitast við að finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málauflokks sem ráðstöfunin varðar áður en leitað er að svigrúmi annarstaðar. Ekki er þörf á að gera viðauka innan deildar ef fjárhæð milli lykla er undir 1. milljón.kr. lágmarksmörkum sveitarstjórnar um svigrúm innan viðkomandi deildar. Alltaf þarf að gera viðauka ef ráðstöfunin snertir fleiri deildir.

Viðaukinn ásamt fylgigögnum skal fá eina umræðu í viðeigandi nefnd áður en hann er lagður fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Undanþága er veitt hér ef viðauki er gerður vegna utanaðkomandi þátta eins og kjarasamninga eða lagabreytinga. Í þeim tilfellum getur viðaukinn farið beint á sveitarstjórnarfund til samþykktar.



#### 4.2 Hvenær er ekki tilefni til gerð viðauka?

Viðauka við fjárhagsáætlun skal ekki gera til að leiðréttu í fjárhagsáætlun, útgjöld í rekstri eða fjárfestingar, sem þegar hefur verið stofnað til.

Mælst er til að útgjöld eða fjárfesting sem stofnað er til utan fjárheimildar og ekki að undangengnum viðauka, séu sett á dagskrá sveitarstjórnar og bókuð sérstaklega. Sveitarstjórn hefur þannig vitneskju um ástæður þess að tiltekin útgjöld eða fjárfesting séu umfram fjárhagsáætlun og getur þannig sinnt eftirlitshlutverki sínu gagnvart fjármálunum. Leiðréttigar á fjárhagsáætlun með gerð viðauka undir lok árs, vegna útgjalda eða fjárfestinga sem stofnað hefur verið til án samþykkis sveitarstjórnar, samræmast þannig ekki reglum um viðauka. Slíkar samþykktir þjóna ekki tilgangi laganna um fyrir fram samþykki sveitarstjórnar vegna breytinga á samþykkri fjárhagsáætlun.

#### 4.3 Frumdrög að viðauka lögð fyrir fagnefndir

Tillögu um viðauka við fjárhagsáætlun ásamt minnisblaði þarf að leggja fyrir fund viðkomandi fagnefndar til afgreiðslu. Gæta þarf að skýrt komi fram í bókun um eðli breytinga, hver fjárhagslegu áhrifin eru og hvernig lagt sé til að viðaukanum sé mætt. Leggi fagnefndin til að frumdrögum viðaukans verði breytt skal koma skýrt fram í hverju breytingin felst.

#### 4.4 Viðauki við fjárhagsáætlun lagður fyrir sveitarstjórn

Þegar viðkomandi fagnefnd hefur samþykkt viðauka og vísað til sveitarstjórnar skal starfsmaður nefndarinnar, koma með tillögu að viðaukanum ásamt fylgigönum til aðalbókara sem sendir sveitarstjóra viðaukann númeraðan og útbýr sérstakt yfirlit um fjárhagslegar ráðstafanir, hafi það ekki nú þegar verið gert. Viðaukinn við fjárhagsáætlun ásamt fylgigönum er lagður fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Sé viðaukinn samþykktur skal hann bókaður og tilkynning þess efnis send aðalbókara og þess stjórnanda sem óskaði eftir viðaukanum. Sama á við ef viðauka er hafnað.



## 5. Ferli viðauka fyrir stjórnendur

Til að hægt sé að sækja um viðauka samkvæmt reglum þessum þarf að uppfylla ákveðin skilyrði:

- Taka saman önnur gögn og/eða upplýsingar og láta þau fylgja með erindi og viðaukaformi ef það er metið svo að þau gögn séu upplýsandi fyrir ákvörðunartöku sveitarstjórnar.
- Beiðni um viðauka skal vera á meðfylgjandi exelformi ásamt viðeigandi gögnum. Mikilvægt að setja inn ástæðu og rökstuðning fyrir beiðni um viðauka ásamt fjárhæðum.
- Beiðni um launaviðauka þarf að fylgja útreikningar frá launafulltrúa. Beiðni stjórnenda ásamt þarfagreiningu skal berast til launafulltrúa eigi síðar en 7 virkum dögum fyrir fund. Fyrirvari er gerður hvort svigrúm sé innan þess tímaramma vegna forgangsröðunar á verkefnum launafulltrúa, s.s. vegna launavinnslu.
- Beiðni um viðauka skal berast eigi síðar en 5 virkum dögum fyrir fagnefndarfund eða sveitarstjórnarfund, svo hægt sé að meta hvort svigrúm sé til úrvinnslu viðaukans.
- Það er mikilvægt að upplýsingar sem flokkast undir persónuvernd eða trúnaðarmál komi ekki fram í innsendum gögnum þar sem erindi um viðauka er tekið fyrir í opinni fundargerð.

## 6. Lög og reglur

Um gerð viðauka er fjallað í 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sem ber yfirskriftina *Bindandi áhrif fjárhagsáætlunar*. Þar segir, „Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykkti áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.“

Í reglugerð nr. 792/2017 (1212/2015) er jafnframt fjallað um gerð viðauka og tilskilin form.



## 7. Hagstofa

Viðauka við fjárhagsáætlun skal senda Hagstofu Íslands innan 15 daga frá afgreiðslu hans.  
Aðalbókari ber ábyrgð á að það sé gert.

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2025.

Samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 27. nóvember 2024

Fyrir hönd Hvalfjarðarsveitar,

Linda Björk P.

Linda Björk Pálsdóttir

Sveitarstjóri





## Fylgiskjal (exel)

## Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 20xx nr. xx

Dagsetning \_\_\_\_\_  
 Viðauki númer \_\_\_\_\_  
 Verkefni \_\_\_\_\_  
 Ábyrgðaraðili \_\_\_\_\_  
 Samtals fjárhæð viðauka \_\_\_\_\_ kr.

Málastrá nr. \_\_\_\_\_

Málaflókkur/deild \_\_\_\_\_

## Ástæða og rökstuningur:


Málafl.- deild	Fjárh.lyk ill	Heiti fjárh.lykils	Tegund	Upphæð var	Upph. Verður	Breyting
			Gjöld			0
			Gjöld			0
			Gjöld			0
			Gjöld			0
			Tekjur			0
Samtals fjárhæð viðauka og fjármögnun kr.						0

## Gerð er eftirfarandi tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun ársins 20xx:


Samþykki sveitarstjórnar: fundur nr. \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_